

Samtök atvinnulífsins - Samtök iðnaðarins - Bændasamtök Íslands

Alþingi
Erfindi nr. P 125/1635
komudagur 18.4. 2000

Umhverfisnefnd Alþingis
Ólafur Örn Haraldsson, formaður
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2000

Efni: Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 386. mál.

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Bændasamtök Íslands leggja á það ríka áherslu við umhverfisnefnd Alþingis að frumvarp um mat á umhverfisáhrifum, 386. mál, verði ekki samþykkt í núverandi mynd.


Framangreint frumvarp er til orðið vegna endurskoðunar gildandi laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum m.a. til að fella inn í lög in tilskipun Evrópusambandsins 97/11/EB um breytingu á tilskipun 85/337/EBE um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera og einkaaðila kunna að hafa á umhverfið. Tilskipun 97/11/EB mælir fyrir um lágmarkskröfur sem ríki verða að uppfylla en þeim er í sjálfsvald sett að gera ríkari kröfur en þær sem settar eru fram í tilskipuninni.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins hafa gefið umsögn sína um framangreint frumvarp þar sem fram kemur eftirfarandi athugasemd við 3. viðauka frumvarpsins:

Í 3. viðauka eru taldar fram þær viðmiðanir sem lagðar eru til grundvallar þegar meta skal hvort tilkynningarskyldar framkvæmdir skulu fara í mat á umhverfisáhrifum, sbr. 2. viðauka. Í nokkrum tilvikum gengur frumvarpið lengra í að þrengja stærðarmörk þeirra framkvæmda sem matskyldar eru en tilskipun 97/11/EB gefur tilefni til og er ekki tekin afstaða til þeirra breytinga á þessari stundu, til þess er tíminn of naumur. Hins vegar lýsa SA og SI yfir furðu sinni á því að ekki skuli haft samráð við samtök atvinnurekenda við þær ákvarðanir. Ljóst er að afleiðingin af völdum slíkra breytinga á viðmiðunarmörkum hefur í för með sér að fleiri og minni fyrirtæki koma til með að verða matskyld í skilningi frumvarpsins, en samkvæmt gildandi lögum.

Með vísan til framangreindra athugasemda vilja Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Bændasamtök Íslands leggja á það þunga áherslu að áður nefndu frumvarpi verði breytt og það lagt fyrir Alþingi með óbreyttum viðmiðum tilskipunar 97/11/EB og samþykkt þannig í vor. Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Bændasamtök Íslands eru reiðubúin til þess, í samvinnu við umhverfisráðuneytið, að fara yfir þau atriði þar sem ástæða kann að vera til að hafa önnur viðmiðunarmörk en tilskipunin gerir ráð fyrir. Með þessum vinnubrögðum yrði tryggt að málið fengi vandaða málsmeðferð, sátt gæti náðst um málið og ekkert því til fyrirstöðu að þegar næsta haust væri unnt að gera nauðsynlegar breytingar á lögnum um umhverfismat.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS SAMTÖK IÐNAÐARINS BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Ari Edwald
framkvæmdastjóri



Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri



Sigurgeir Þorgeirsson
framkvæmdastjóri